

132. fundur

132. fundur í stjórn Starfsmenntunarsjóðs starfsmanna stofnana Alþingis var haldinn miðvikudaginn 29. maí 2024. Fundurinn var haldinn í húsnæði Alþingis, Smiðju, og hófst kl. 13. Mætt voru Hildur Sigurðardóttir, Þórdís Hadda Yngvadóttir og Lárus H. Bjarnason sem ritaði fundargerð. Enn fremur sátu fundinn þau Ása Hulda Oddsdóttir og Oddur Þorri Viðarsson, sem hafa verið kjörin í stjórnina í stað Hildar og Lárusar er láta af stjórnarstörfum í sumar.

Rætt var um hvernig fara skuli með sex mánaða tímamörkin þegar fólk lætur af störfum eða félagsaðild. Tilefnið er að 1. apríl sl. gekk hópur fólks sem notið hefur réttinda í sjóðnum til liðs við stéttarfélagið Sameyki. Ákveðið var að miða skuli við umsóknardag þótt vera megi að viðkomandi umsókn verði ekki tekin til afgreiðslu fyrir en eftir að fresturinn er liðinn.

Rætt var um verkaskiptingu stjórnar og að í ljósi reynslunnar væri rétt að hnika henni eitthvað til svo að álag verði jafnara. Enn fremur að æskilegt væri að aðskilja útgreiðslur og bókhald, þ.e. að sinn hvor stjórnarmaður annist þessa þætti. Ákvörðun um nánara fyrirkomulag biður nýrrar stjórnar sem kemur saman í ágúst.

Fyrir fundinum lágu 40 umsóknir, þar af voru 14 um starfsmenntunastyrk, 12 um tómstundastyrk og 14 vegna hópferða erlendis

Alls var samþykkt að greiða úr sjóðnum við úthlutun á 132. fundi¹

3.646.491 kr. samtals, þar af:

1.555.741 kr. í starfsmenntunastyrki.

490.750 kr. í tómstundastyrki.

1.600.000 kr. í hópferðastyrki

Fundi slitið kl. 14:20


Hildur Sigurðardóttir

¹ Hér er meðtalin ein úthlutun sem stjórnin samþykkti á Teams-fundi 2. júní 2024 vegna umsóknar borist hafði tímanlega en láðst hafði að taka afstöðu til þann 29. maí. Á þessum aukafundi vakti gjaldkeri enn fremur athygli á að einni umsókn um starfsmenntastyrk hefði ekki fylgt rökstuðningur um að námskeiðið (reiki/heilun) nýttist í starfi. Var það mat stjórnarmanna að umsóknin hefði ekki verið réttilega afgreidd; hún hefði hins vegar gefið tilefni til tómstundastyrks að sömu upphæð. Með vísan til þess að búið var að tilkynna viðkomandi um úthlutun starfsmenntastyrks þótti ekki ástæða til afturköllunar/breytingar.